

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2002 frá 12. júlí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/5/EB frá 30. janúar 2002 um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 221/2002 frá 6. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/113/EB frá 23. janúar 2002 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/23/EB frá 26. febrúar 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 34, 5.2.2002, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 49, 20.2.2002, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 13.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0023:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/23/EB frá 26. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 13).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0005:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/5/EB frá 30. janúar 2002 (Stjtið. EB L 34, 5.2.2002, bls. 7).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):

„- **32002 D 0113:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/113/EB frá 23. janúar 2002 (Stjtið. EB L 49, 20.2.2002, bls. 1).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001):

„- **32001 R 0221:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 221/2002 frá 6. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 4).“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/5/EB og 2002/23/EB, reglugerðar (EB) nr. 221/2002 og ákvörðunar 2002/113/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann